SAMANTEKT UMSAGNA VIÐ LÝSINGU DEILISKIPULAGS ÞRÍHNÚKAGÍGA

Eftirtaldir gerðu athugasemd:

Forsætisráðuneytið	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Mosfellsbær	Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu	Vegagerðin
Veitur	3H travel
Minjastofnun Íslands	Reykjavíkurborg
Náttúrverndarstofnun	

Forsætisráðuneytið
Lykilorð: Veitir ekki umsögn

Stuttur úrdráttur: Skipulagsdeild átti samráð við FOR á vinnslutíma lýsingar og veitir því ekki umsögn núna.

Mosfellsbær
Lykilorð: Veitir ekki umsögn

Stuttur úrdráttur: Skipulagsnefnd ekki starfandi og ekki unnt að taka málið fyrir.

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu
Lykilorð: Veitir ekki umsögn

Stuttur úrdráttur: Fulltrúar í hópnum eru einnig fulltrúar annarra stofnanna/sveitarfélaga sem eru skilgreindir umsagnaraðilar.

Veitur
Lykilorð: Tenging við rafmagn og heitt vatn.

Stuttur úrdráttur: Taka undir að mikilvægt sé að hafa vatnsvernd að leiðarljósi við frekari skipulagsvinnu, hönnun og framkvæmdir. Benda á langt er í næsta tengipunkt ef tengja þarf við rafmang eða heitt vatn.

Minjastofnun Íslands
Lykilorð: Fornleifaskráning

Stuttur úrdráttur: Mat stofnunar að framkvæma þarf fornleifaskráningu á öllu skipulagssvæðinu í ljósi ósamræmis milli fornleifaskráninga á svæðinu.

Náttúrverndarstofnun
Lykilorð: *valkostir, aðgengi, verndarsvæði, landslag og ásýnd.*

Stuttur úrdráttur: Valkostir um uppbyggingu þurfa að vera skýrir og taka mið af náttúruvernd, vatnsvernd, verndargildi Bláfjallafólkvangs og upplifun gesta af lítt röskuðu landslagi. Tryggja þarf að aukin umferð og þjónusta rýri ekki verndargildi svæðisins og lögð áhersla á að akstur að gígnum verði takmarkaður við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

nauðsynlegan rekstur, eftirlit og viðhald. Gönguleiðir skýrt afmarkaðar og meta burðarþol svæðisins gagnvart fjölda gesta. Kortleggja þarf hraun, gíga, sprungur og aðrar jarðminjar áður en staðsetning byggingarreita, gönguleiða, fráveitu og annarra mannvirkja er ákveðin. Gera þarf grein fyrir sýnileika mannvirkja, lýsingar, skilta og gönguleiða frá helstu sjónarhornum. Setja skýra skilmála um hæð, umfang, efnisval, litaval, lýsingu og frágang mannvirkja. Áhyggjur af staðsetningu og útfærslu þjónustuhúss við gíginn. Núverandi lausn hefur stuðlað að lágmarksraski. Hættumat þarf að fjalla um jarðfræðilegar aðstæður, öryggi gesta, áhrif mögulegra jarðhræringa á mannvirki og viðbragðsáætlanir. Taka þarf mið af því að viðbragðs og öryggisráðstafanir valdi ekki óþarfa raski á friðlýstum svæðum eða jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Lykilorð: Orkuþörf og olíunotkun

Stuttur úrdráttur: Gera þarf grein fyrir geymslu og notkun á olíu á svæðinu sé slíkt fyrirhugað og mótvægisaðgerðum. Fjalla þarf um hvernig unnt er að draga úr mengunarhættu tengdri orkunotkun (s.s. með sólarsellum eða örðum orkugjöfum).

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Lykilorð: Vatnsvernd

Stuttur úrdráttur: Benda á að tyggja þarf að grunnvatn mengist ekki og vísa í reglugerð um mengun vatns 796/1999. Vísa í skýrslu Mannvits frá desember 2017 um mótvægisaðgerðir.

Vegagerðin
Lykilorð: Samráð, fjarlægðir milli tenginga, veghelgunarsvæði.

Stuttur úrdráttur: Stofnunin mælir með virku samráði en óskar einnig eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Benda á að æskilegt sé að fjarlægðir milli tenginga séu málsettar á uppdrætti. Benda á veghelgunarsvæði og að leyfi þurfi fyrir framkvæmdum innan þeirra. Óskað er eftir samvinnu við skipulag svæðisins vegna mögulegra áhrifa á Bláfjallaleið.

3H travel
Lykilorð: Þjónustuhús, gönguleiðir, vatnsvernd, rafveita, vatnsveita, aðkoma neyðartækja.

Stuttur úrdráttur: Mikilvægt að gert sé ráð fyrir veitinga- og móttökuaðstöðu f. gesti. Rúmar lóðir og byggingarreitir til að útiloka ekki umhverfisvænar og góðar lausnir sem upp kunna að koma. Lagt til að skipulagssvæðið verði nokkuð þröngt til að einfalda vinnu, lagt til að skipulag gönguleiða um aðliggjandi svæði verði hluti af sérstöku skipulagi um gönguleiðir og aðra útivist. Benda á að nýtt áhættumat og afmörkun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að fjalla um framtíðarfyrirkomulag rafveitu og vatnsveitu, s.s. legu þeirra í aðkomuleiðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Jafnframt að heimilt verði að leggja veitulagnir í jörðu. Huga þarf að aðkomu neyðartækja.

Reykjavíkurborg
Lykilorð: Gerir ekki athugasemd

Stuttur úrdráttur: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við lýsinguna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026